

Föstudaginn 31. jan. 1936.

Nr. 119/1935. Gyða Eggertsdóttir

gegen

tollstjóra Reykjavíkur f. h. ríkissjóðs.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Gyða Eggertsdóttir, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs ef hún af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarétti.

Miðvikudaginn 5. febrúar 1936.

Nr. 116/1935. Valdstjórnin (Lárus Fjeldsted)

gegen

Kristni Steinari Jónssyni

(Eggert Claessen).

Ölvun við bifreiðarakstur.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 18. sept. 1935: Kærður, Kristinn Steinar Jónsson, greiði 200 króna sekt til ríkissjóðs.

Sektin greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 20 daga.

Kærður skal og sviptur rétti til að stýra bifreið æfilangt.

Loks greiði kærður allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Brot kærða, sem lýst er í hinum áfrýjaða dómi, varðar við 4. málsg. 5. gr. laga nr. 70/1931 og 1. málsg. 21. gr. laga nr. 33/1935. Ákvæði dómsins

um sviptingu ökuleyfis samkvæmt áðurnefndum lagagreinum ber að staðfesta, svo og ákvæði hans um sektargreiðslu samkvæmt 14. gr. laga nr. 70/1931 og 39. gr. laga nr. 33/1935, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa. Einnig ber að staðfesta ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði. Loks verður að dæma kærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 50 krónur til hvors.

Um rannsókn málsins í héraði athugast, að lögreglumenn þeir, er tóku kærða aðfaranótt 12. ágúst f. á. hafa ekki verið látnir gefa skýrslu fyrir dómi í málinu, að læknir sá, er blóðsýnishornið tók úr kærða, hefir ekki verið látinn segja álit sitt um ástand hans þá, að maður sá, er var í bilnum með kærða umrætt skipti, hefir ekki verið látinn bera um það, hversu mikils áfengis þeir neyttu áður en eða meðan kærði ók bilnum, og að ekki hefir verið lagt fram í málinu eftirrit af dómi lögregluréttar Reykjavíkur 13. marz 1931.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði lögregluréttardómur á að vera óraskaður, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa. Kærði, Kristinn Steinar Jónsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Lárusar Fjeldsted og Eggerts Claessen, 50 krónur til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lög- um.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Kristni Steinari Jónssyni, bifreiðarstjóra, til heimilis á Laufásvegi 50 hér í bæ, fyrir brot gegn lögum um notkun bifreiða nr. 70, 1931 og áfengislögum nr. 33, 1935.

Áður hefir kærður svo kunnugt sé sætt eftirfarandi kær-
um og refsingum.

- | | | |
|------|-----------------|---|
| 1923 | $\frac{3}{8}$ | Sætt 5 króna sekt fyrir óskilahest í bænum. |
| 1925 | $\frac{17}{8}$ | Sætt 10 króna sekt fyrir samskonar brot. |
| 1925 | $\frac{18}{8}$ | Sætt 5 króna sekt fyrir samskonar brot. |
| 1926 | $\frac{26}{8}$ | Sætt 50 króna sekt fyrir brot gegn lögreglusam-
þykktinni. |
| 1928 | $\frac{1}{8}$ | Sætt 100 króna sekt fyrir brot gegn áfengislög-
unum. |
| 1928 | $\frac{3}{8}$ | Sætt 5 króna sekt fyrir óskilahest. |
| 1928 | $\frac{3}{11}$ | Sætt 50 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri. |
| 1929 | $\frac{23}{8}$ | Sætt 50 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri. |
| 1929 | $\frac{18}{10}$ | Sætt 75 króna sekt fyrir sama. |
| 1930 | $\frac{2}{3}$ | Sætt 50 króna sekt fyrir sama. |
| 1931 | $\frac{13}{8}$ | Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 100 króna
sekt og svipting ökuleyfis í 3 mánuði fyrir brot
á áfengis- og bifreiðalögunum. |
| 1931 | $\frac{28}{4}$ | Áminning fyrir brot gegn samþykkt um bif-
reiðastæði. |
| 1933 | $\frac{7}{8}$ | Sætt 10 króna sekt fyrir brot gegn bifreiðalög-
unum. |
| 1934 | $\frac{23}{11}$ | Dómur Hæstaréttar: Sýknaður af kæru um brot
á áfengislögunum og bifreiðalögunum. |

Aðfaranótt fimmtudagsins 12. þ. m. klukkan um 1½ stöðvaði lögreglan bifreiðina RE. 74 innarlega á Hverfis-
götunni og sat kærði við stýri hennar og var áberandi
drukkinn.

Kærður hefir skýrt svo frá, að hann hafi ekið bifreið-
inni frá Grundarstig 15. Hafði hann þá drukkið úr brenni-
vinspela við annan mann rétt áður. Kveðst hann hafa ver-
ið matarlaus um kvöldið og því hafi svifið venju fremur
á sig.

Lögreglan lét taka blóðprufu af kærðum um nóttina og reyndist alkóhólmagn þess rúmlega 2‰ samkvæmt skýrslu læknis.

Framangreint brot kærðs varðar við 5 gr. sbr. 14. gr. laga um notkun bifreiða nr. 70, 1931 og 21. gr. sbr. 39. gr. áfengislaga nr. 33, 1935. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 200 króna sekt til ríkissjóðs. Sektin greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 20 daga. Þá ber og með tilliti til ítrekunar brotsins að dæma kærðan til að missa ökuleyfi sitt æfilangt. Loks greiði kærður allan kostnað sakarinnar. Á málinu hefir ekki orðið dráttur.

Föstudaginn 7. febrúar 1936.

Nr. 100/1935. **Helgi Ingvarsson**

(Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Landsbanka Íslands

(Pétur Magnússon).

Vixilábyrgð.

Dómur gestaréttar Reykjavíkur 15. des. 1934: Stefndir, Ólafur Ólafsson, Egill P. Einarsson og Helgi Ingvarsson greiði einn fyrir alla og allir fyrir einn stefnandanum Landsbanka Íslands kr. 250,00 með 6% ársvöxtum frá 1. jan. 1934 til greiðsludags, $\frac{1}{3}$ % upphæðarinnar í þóknun, kr. 6,50 í afsagnarkostnað og kr. 91,50 í málskostnað innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu, útgefinni 23. sept. f. á., að fengnu áfrýjunarleyfi, dags. 30. ágúst s. á. Krefst áfrýjandi sýknu og málskostnaðar fyrir báðum dómum.